
Jökuldalsvegur Gilsá að Arnórsstöðum, Múlaþingi

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 3. desember 2020 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um fyrirhugaða framkvæmd við Jökuldalsveg (932-08) frá Gilsá að Arnórsstöðum, Múlaþingi samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.09 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Múlaþings, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Minjastofnunar Íslands, Samgöngustofu og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Jökuldalsvegur (923-08) Gilsá að Arnórsstöðum, Múlaþingi. Fyrirsöfnun um matsskyldu. Vegagerðin, desember 2020.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Múlaþingi dags. 20. desember 2020,
- Fiskistofu dags. 15. janúar 2021,
- Heilbrigðiseftirliti Austurlands dags. 15. desember 2020,
- Minjastofnun Íslands dags. 21. desember 2020, 26. febrúar, 15. mars og 25 mars 2021,
- Samgöngustofu dags. 9. desember 2020,
- Umhverfisstofnun dags. 14. desember 2020.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila dags. 12. janúar og 25. mars 2021.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Vegagerðin áætlað að byggja nýjan veg sem mun liggja um núverandi veg suður frá Gilsá um 50-100 m kafla, síðan í aflíðandi beygju niður og inn hlíðina á um 900 m kafla. Þaðan er gert ráð fyrir að nýr vegur liggja um gamalt vegstæði niður á sléttan malarhjalla á um 2200 m kafla. Þar mun nýi vegurinn svo tengjast aftur inn á núverandi veg og fylgja því vegstæði að mestu í um 800 m, eða alla leið að Hnappá. Fyrirhugaður nýr vegur mun liggja um 70 m lægra í landinu en núverandi vegur og um jafnara land, þar sem búast má við minni veðurhæð í vindasömum veðrum á veturnum. Nýr vegur verður meira uppbyggður en núverandi vegur, beygjur rýmri, brekkur verða styttri og með minni bratta, þannig verður vegsýn betri og umferðaröryggi meira.

Efnistaka og frágangur

Efnisþörf í verkið er áætluð samtals um 102.500 m³. Í fyllingar er áætlað að um 60.000 m³ fái úr skeringum á vegsvæðinu, en 42.500 m³ úr fjórum námum í grennd við vegstæðið. Námur A, B og D eru skilgreindar á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028, en náma C er það ekki. Varðandi frágangur áformar Vegagerðin að haga framkvæmdinni þannig að sem minnst rask verði á gróðri og jarðvegi. Vegskeringar verða jafnaðar í samræmi við landslag og landhalla og þess gætt að þær falli sem best að nánasta umhverfi og ekki myndist vindálag á lausan jarðveg. Þar sem girðingum verður raskað verða þær endurnýjaðar eða lagfærðar í samráði við landeigendur.



Núverandi vegi frá vegamótum í Arnórsstaðahnjúk og að Arnórsstöðum verður skilað til landeiganda og samráð haft hvernig gengið verður frá honum. Óski landeigandi eftir verða vegfyllingar núverandi vegar (923) verða settar í vegrásir eða fláafleyga í nýjum vegi og svæðið aðlagð að landinu.



Mynd: Fyrirhuguð veglína merkt með gulu

Markmið framkvæmdarinnar er að auka umferðaröryggi og greiðfærni á Jökuldalsvegi með bundnu slitlagi. Nýr vegur mun liggja neðar í landinu, í meira skjóli fyrir vetrarveðrum, með mun minni bratta og rýmri beygjum en núverandi vegur.

Breytingar á veglínu

Tilkynning Vegagerðarinnar gerir ráð fyrir veglínu sem fer um bæjarstæðið á Arnórsstöðum rétt ofan við húsgrunn og tengist inn á núverandi veg um 80 m innan við vegamót heimreiðar. Í ágúst 2020 fór Fornleifastofnun Íslands í fornleifarannsóknir á Arnórsstöðum, grafnir voru könnunarskurðir í og við vegstæðið. Niðurstaða þeirra rannsókna var að vænta mætti fornminja á svæðinu í kringum bæjarstæðið. Í kjölfar umsagnar Minjastofnunar Íslands við framkvæmdina, eins og henni var lýst í tilkynningunni, og samráðs Vegagerðarinnar við Minjastofnun var veglínu um bæjarstæðið á Arnórsstöðum breytt þannig að línan var færð ofar um rúma 15 m. Með því móti var veglínan færð upp fyrir líklegt minjasvæði.

4 UMHVERFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar og umsögnum umsagnaraðila.

Landslag og ásýnd

Fram kemur í greinagerð Vegagerðarinnar að vegurinn komi til með að liggja um misgróna hlíð sem er hulin jökulruðningi, um gamalt vegstæði og eftir sléttum grónum malarhjalla. Hlíðin sjálf er víða



skorin af rofrásum og lækjarfarvegum og við rætur hennar eru sums staðar mýrarkeldur. Þar sem hjallinn er breiðari, nær Arnórsstöðum, eru gömul tún með skurðum. Vegurinn kemur til með að liggja að stórum hluta um og við gamalt vegstæði sem liggur á malahjalla í hlíðinni ofan við Jökulsá og um gömul tún og ræktanlegt, ásamt núverandi vegi á innsta hluta kaflans. Nokkur röskun verður þó á innsta hluta kaflans, þar sem vegur kemur til með að liggja í gegnum jökulruðningsholt þar sem verður umtalsverð skering.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að skv. aðalvalkost Vegagerðarinnar muni vegurinn liggja um svæði sem að stórum hluta hefur þegar verið raskað við fyrri veglagningu og um gömul tún með skurðum. Efnistakan úr námum fer að mestu leyti fram á svæðum þar sem efni hefur verið tekið áður. Telur stofnunin ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Menningarminjar

Líkt og fyrr segir var upphaflega gert ráð fyrir að nýr vegur myndi liggja um bæjarstæðið á Arnórsstöðum en vitað er um byggð á bænum Arnórsstöðum frá því um miðja 15. öld. Í tilkynningu er greint frá niðurstöðum fornleifaskráningar á áhrifasvæði vegaframkvæmdanna og skráðar höfðu verið 24 minjæðningar. Minjarnar eru að langmestu leyti hefðbundnar landbúnaðarminjar og flestar þeirra við gamla heimatún Arnórsstaða á suðurhluta úttekarsvæðisins. Fram kemur að grafnir hafi verið rannsóknarskurðir í bæjarstæðið að Arnórsstöðum samkvæmt rannsóknaráætlun Minjastofnunar Íslands og Minjavarðar Austurlands.

Í fyrri umsögn Minjastofnunar Íslands er bent á að endanlega skýrsla um könnunarskurðina hafi ekki komið út. Fyrir liggja bráðabirgðaskýrsla sem ekki sé fullnægjandi til að ákvarða næstu skref. Af henni megji þó ráða að það þurfi að fara í frekari rannsóknir á svæðinu. Minjastofnun þyrfti ítarlegri niðurstöður um þær rannsóknir sem voru gerðar til að hægt væri að gera áætlun um frekari rannsóknir á svæðinu.

Í kjölfar umsagnar Minjastofnunar átti Vegagerðin í samráði við Minjastofnun um útfærslu veglínu og mótvægisáðgerðir til að lágmarka rask á fornminjum. Í kjölfar samráðsins lagði Vegagerðin til breytingu á fyrirhugaðri veglínu, þannig að áhrifasvæði framkvæmdarinnar færi út fyrir bæjarstæði Arnórsstaða, þ.e. út fyrir það svæði sem rannsóknaraðilar töldu hættusvæði í sambandi við fornminjar.

Í viðbótarumsögn Minjastofnunar Íslands, um hina breyttu veglínu, kemur fram að stofnunin telji tillöguna þá bestu í stöðunni enda verði bæjarhólnum hlíft og öðrum þekktum minjum í heimatúninu. Þá er gerð grein fyrir því að mati Minjastofnunar þurfi að grafa könnunarskurði þar sem framkvæmdasvæðið liggur að bæjarhólnum til að kanna hvort minja sé þar að vænta undir sverði. Niðurstöður þeirra rannsókna kunni að leiða til þess að ráðast þurfi í frekari mótvægisáðgerðir. Loks er lagt til að fulltrúar Minjastofnunar og Vegagerðarinnar hittist á vettvangi til að meta hvort grípa þurfi til mótvægisáðgerða þar sem ný veglína leysir af þá eldri rétt áður en komið er inn að Arnórsstöðum. Minjastofnun væntir þess að fullt samráð verði, líkt og verið hefur, auk þess sem Vegagerðin uppfylli þær kröfur um mótvægisáðgerðir sem settar eru og kunna að koma fram í framhaldi af þeim rannsóknum sem þar eru lagðar til. Ef í ljós koma minjar á því svæði mun Minjastofnun mögulega fara fram á frekari mótvægisáðgerðir vegna þeirra en það mun ráðast af eðli og umfangi þeirra. Stofnunin telur að framkvæmdin muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif á minjar.

Verndarsvæði og áhrif á gróðurfar og fugla

Fram kemur að núverandi og fyrirhuguð veglína sé í jaðri Jökuldalsheiðar sem er mikilvægt fuglasvæði sem varpland álfta og heiðagæsa skv. skilgreiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands (VOT-A2). Vegagerðin bendir á að núverandi vegur liggur innar á umræddu svæði og allt að 70 m ofar í landinu. Framkvæmdin gæti haft tímabundin áhrif á fugla meðan á henni stendur en að nýr vegur



komi ekki til með að raska fuglalífi á svæðinu meira en nú er. Auk þess mun nýr vegur liggja um svæði þar sem gróðurvist hefur minna vægi en um núverandi vegsvæði, þar sem vegurinn komi til með að liggja um ræktað land og gamalt uppgróið vegstæði á um 1300 m kafla. Áform Vegagerðarinnar eru við jaðar en utan svæðis (Jökuldalsheiði) sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt á náttúruminjaskrá vegna ferskvatnsvistgerða.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008-2028, nú sameinaðs sveitarfélags Múlaþings fyrir utan fyrirhugað efnistökusvæði C, sem ekki er skilgreint sem slíkt í aðalskipulagi. Skipulagsstofnun bendir á að ekki er getið hvert heildarmagn efnistöku er á tileknum efnistökusvæðum í aðalskipulagi sveitarfélagsins, en í grennd við fyrirhugað vegstæði eru minnst fimm skilgreind efnistökusvæði skv. aðalskipulagi og því þurfi að liggja fyrir skýr rök fyrir því að taka efni af svæði sem ekki hefur verið nýtt með slíkum hætti.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Múlaþings samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig Starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Einnig leyfi frá Minjastofnunar Íslands, reynist þörf að raska fornminjum.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða nýbyggingu vegar á um 3,1 km kafla frá Gilsá inn fyrir bæjarstæðið á Arnórsstöðum, auk þess að núverandi vegur verður endurbyggður á um 1,0 km kafla yfir Hnappá. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10.09 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli og staðsetning framkvæmdar og eiginleikar hugsanlegra áhrifa

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi hennar, nýtingu náttúruauðlinda og ónæði, sbr. 1. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Jafnframt ber að taka mið af staðsetningu framkvæmdar svo sem verndarákvæðum, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd og vegna svæða sem hafa sögulegt, menningarlegt eða fornleifafræðilegt gildi, sbr. 2. tölul. 2. viðauka sömu laga. Þá ber að taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, meðal annars með tilliti til stærðar og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur eru á áhrifum og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tölul. 2. viðauka laganna.

Um er að ræða vegaframkvæmd sem er nokkuð umfangsmikil varðandi efnisþörf eða um 102.500 m³. Tæpur helmingur efnisins verður tekið úr námum í grennd við fyrirhugað vegstæði sem að hluta til hafa verið nýttar áður. Fyrirhuguð veglína mun verða byggð á eldra vegstæði að mest leyti, en hafa ber í huga að sá vegur var lagður á árunum 1945 til 1951 og var í notkun til 1970 og er lítið annað en slóð í dag. Valið vegstæði er þó að hluta til innan raskaðs svæðis, vegna vegagerðar fyriritíðar og landbúnaðar. Skipulagsstofnun telur brýnt að áform Vegagerðarinnar varðandi frágang verði eins og lýst hafi verið, þ.e. skeringar verða lagaðar að landslagi í kring auk þess sem svarflag og mold verði notað við frágang til að hjálpa náttúrulegum gróðri úr nágrenninu að vaxa, auk þess að lágmarka rask á þeim gróðri sem fyrir er. Að mati Skipulagsstofnunar þarf í framkvæmdaleyfi að kveða sérstaklega á um frágang að efnistöku lokinni.

Um er að ræða framkvæmd sem er við jaðar mikilvægs fuglasvæðis og svæðis sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt á náttúruminjaskrá vegna ferskvatnsvistgerða. Umhverfisáhrif fyrirhugaðra veglagningar og efnistöku felast í raski á fornminjum og ásýndaráhrifum veglagningar



og í formi skeringa og efnistöku úr námum sem eru í grennd við bakka Jökulsár á Brú og Gilsá. Skipulagsstofnun telur að áhrifin verði óveruleg á verndargildi Jökuldalsheiðar (VOT-A2) sem verndarsvæðis fugla og þess svæðis sem tilnefnt hefur verið vegna ferskvatnsvistgerða á Jökuldalsheiði en stofnunin leggur áherslu á að frágangsráðgjafi þau sem getið er um hér að framan, þurfi að rata inn í framkvæmdaleyfi til að draga úr mögulegum neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar.

Ljóst er skv. frumathugun minjavarðar Austurlands að fjöldi minja innan fyrirhugaðs áhrifasvæðis framkvæmdarinnar er töluverður, en skráðar voru 24 minjaeiningar í landi Arnórsstaða. Minjarnar eru að langmestu leyti hefðbundnar landbúnaðarminjar en einnig voru skráðar nokkrar samgönguminjar. Minjastofnun bendir á að ráðast þurfi í frekari fornleifarannsóknir á svæðinu en umfang þeirra verður ekki ákveðið fyrr en skýrsla um frumathugunina liggur fyrir. Skipulagsstofnun telur brýnt að í framkvæmdaleyfi verði skilyrði þess efnis að framkvæmdir hefjist ekki fyrr en að fornleifaathugun lokinni og að höfðu samráði við Minjastofnun Íslands. Með boðaðri tilfærslu á veglínu út fyrir áhrifasvæði fornminja við bæjarstæði Arnórsstaða og mótvægisgerðir sem settar eru fram af hálfu Minjastofnunar og kunna að koma fram í framhaldi af þeim rannsóknum sem þar eru lagðar til, telur Skipulagsstofnun að framkvæmdin muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif á minjar.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 17. maí 2021.

Reykjavík, 15. apríl 2021.

Egill Þórarinnsson

Jón Smári Jónsson